


AFRIT

Hrunamannahreppur
Ágúst Kr. Björnsson
Flúðum félagsheimili
845 Flúðir



| |
|-------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. 20A |
| 15 APR. 2003 |
| 54.23 |
| Tilv. UST/2003/03/00216 |

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Sudurlandshbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

Tel: (+354) 591 2000
Fax: (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

15. apríl 2003
Tilvísun: UST20030300216/óá

Efni: Tillaga að deiliskipulagi í Kerlingafjöllum

Vísað er til erindis sveitarstjórnar Hrunamannahrepps, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn og afstöðu Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu, og hvort hún sé í samræmi við skipulag miðhálendisins. Í tillögunni er gert ráð fyrir tólf nýjum gistikálum, þjónustuhúsi fyrir tjaldsvæði og þjónustumiðstöð fyrir almenna ferðamenn. Jafnframt er áformáð að reisa útipalla vegna veitingasölu, nýja rotþró vegna aukinnar fráveitu og hlið við afleggjara að svefnskálastæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Samræmi við skipulag miðhálendis

Umhverfisstofnun bendir á að það er hlutverk samvinnunefndar miðhálendisins að meta hvort skipulagstillögur séu í samræmi við staðfest svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997.

Í svæðisskipulagi miðhálendisins er umrætt svæði skilgreint sem skálasvæði, sem eru „[...] staðir í góðu vegasambandi en þjónusta er minni en á hálandismiðstöðvum. Gistikálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal veiðimönum, göngufólki og hestamönum en mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannahús.“ (Miðháldi Íslands – svæðisskipulag 2015, bls. 83).

Að skálasvæðum er því sjaldnast boðið upp á gistingu í herbergjum, en frekar boðið upp á svefnþokapláss í stærri skálum. Þar er sjaldnast matsala, verslun eða bensínsala og ekki einhlítt að þar sé veitt þjónusta allt árið. Um matsölu, verslun og sölu á eldsneyti kemur fram að hún fari jafnan fram á jaðarmiðstöðvum, en eftir atvikum á hálandismiðstöðvum. Ekki er minnst á skálasvæði í því sambandi. Jafnframt má telja að að sað fjöldi húsa sem áformáð er að reisa í Kerlingafjöllum sé ekki samræmi við ofangreinda skilgreiningu á skálasvæðum.

Umhverfisstofnun telur að sú uppbygging sem áformuð er skv. skipulagstillögunni sé ekki í samræmi við ofangreinda umfjöllun um skálasvæði. Þau markmið Fannaborgar um „að aðstaðan í Ásgarði í Kerlingafjöllum verði miðstöð útivistar og ferðaþjónustu á Kili“ (greinargerð með deiliskipulagi) og það þjónustustig sem verður á svæðinu má frekar teljast einkennandi fyrir s.k. jaðarmiðstöðvar, sem skilgreindar eru í svæðisskipulagi miðhálendisins. Einnig er ljóst að hér er um talsverða viðbót við núverandi byggð að ræða sem mun breyta ásýnd svæðisins umtalsvert. Stofnunin telur því umhugsunarvert hvort ekki sé fremur við hæfi að reisa færri og stærri byggingar en að reisa marga litla skála. Með því móti mætti bæta við

nauðsynlegum gistiðum, án jafn stórtækra breytinga á ásýnd svæðisins og núverandi tillaga mun hafa í för með sér. Jafnframt má telja að mögulegt væri að viðhalda sama þjónustustigi á svæðinu í núverandi aðalbyggingu, með e.k. betrumbótum, í stað þess að ráðast í byggingu nýrrar miðstöðvar á öðrum stað á svæðinu (Skáli C).

Svæði á náttúruminjaskrá

Kerlingafjöll eru á náttúruminjaskrá (nr. 738). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

Kerlingafjöll, Árnессýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörkin um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. (2) Stórbrotið og litrikt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útvistarsvæði.

Athafnasvæði Fannaborgar er utan umrædds svæðis og mun því ekki hafa bein áhrif á það. Þó er ljóst að með þeirri uppbyggingu sem áformuð er í Ásgarði er stefnt að talsverðri fjölgun ferðamanna á svæðinu. Því mun umferð um viðkvæm svæði Kerlingafjalla aukast talsvert, ef þessi markmið ganga eftir. Umhverfisstofnun telur brýnt að forsvarsmenn ferðaþjónustunnar í Ásgarði taki mið af ágangspoli náttúrunnar við þessa uppbyggingu, og tryggi að öll aðstaða og umgengni miði að því að aukinn straumur ferðamanna skaði ekki svæði á náttúruminjaskrá. Stofnunin fagnar því að staðið hafi verið að kortlagningu göngu- og reiðleiða við gerð þessa skipulags. Hér er um mikilvægt verk að ræða í þeirri viðleitni að stýra umferð um Kerlingafjöll og minnka þannig álag á viðkvæm svæði.

Aðrar athugasemdir

Aðgengi almennings

Á deiliskipulagstillöggunni er m.a. gert ráð fyrir hliði, sem mun loka af aðalskálasvæði Ásgarðs.

Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins eru almannanot og öryggi grundvallarþættir á þjónustustöðum og því brýnt að miðstöðvar, skálar og sæluhús séu opin öllum, a.m.k. að hluta, vegna öryggissjónarmiða. Stofnunin telur að með því að loka af svæðinu sé gengið þvert á þessi sjónarmið.

Fjarlægð frá ám og vötnum

Út frá þeim gögnum sem Umhverfisstofnun bárust vegna þessarar fyrirspurnar er ekki hægt að ráða í hver fjarlægð fyrirhugaðra mannvirkja er frá Ásgarðsá.

Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er kveðið á um að ekki skuli reisa mannvirkji nær ám og vötnum en fimmtíu metra. Í III. kafla laga nr 44/1999 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almannarétt, umgengni og útvist. Þar kemur fram að tryggja skuli aðgengi almennings m.a. meðfram ströndum og vötnum. Umhverfisstofnun telur því að sú fimmtíu metra fjarlægð sem kveðið er á um í skipulagsreglugerð sé algjört lágmark og að á útvistarsvæðum sé viðeigandi að fjarlægðin sé a.m.k. eitthundrað metrar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að tillaga að deiliskipulagi í Kerlingafjöllum sé ekki í samræmi við svæðisskipulag Miðhálendis Íslands og bendir á að hægt væri að viðhalda sama þjónustustigi og fullnægja gistirýmisþörf með öðrum hætti, t.d. stærri og færri skálum, sem hefði minni áhrif á ásýnd svæðisins.

Fyrirhuguð uppbygging mun ekki hafa bein áhrif á þau svæði Kerlingafjalla sem eru á náttúruminjaskrá en stofnunin leggur þó ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúruminjaskrá spillist ekki með aukinni umferð um svæðið.

Virðingarfyllst,



Helgi Jansson

Forstöðumáður framkvæmda og eftirlitssviðs



Olafur Arnason

Sérfræðingur

Afrit: Samvinnunefnd Miðhálendisins
Skipulagsstofnun